

Úthlutunarstefna myndlistarsjóðs 2022-2025

Myndlistaráð leggur fram tillögur til menningar- og viðskiptaráðherra um stefnu og áherslur í starfi myndlistarsjóðs til ársins 2025. Sjóðurinn starfar eftir reglum um myndlistarsjóð sem tóku gildi 23. maí 2014. Hlutverk myndlistarsjóðs er „að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og stuðla þannig að framgangi listsköpunar, kynningu og aukinni þekkingu á íslenskri myndlist. Myndlistarsjóður heyrir undir myndlistarráð og starfar samkvæmt myndlistarlögum og eftir reglum sem menntamálaráðherra setur. Sérskipaðar matsnefndir meta umsóknir og gera tillögu að úthlutun.“

Hlutverk myndlistarráðs varðandi úthlutunarstefnu myndlistarsjóðs kemur fram í 2. mgr. 12. gr. myndlistarlaga nr. 64/2012. Þar segir: „Myndlistarráð úthlutar styrkjum úr myndlistarsjóði. Ráðherra setur myndlistarsjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum er myndlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.“

Myndlistarráð er skipað til þriggja ára í senn og markar stefnu stjórnvalda fyrir skipunartímabilið. Ráðið vinnur samkvæmt áætlun fyrir tímabilið 2022-2025.

Stefna myndlistarsjóðs er að stuðla að framgangi íslenskrar myndlistar héraðs sem erlendis og veita verkefnastyrki sem ætlaðir eru til að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði myndlistar.

Myndlistarsjóður veitir styrki samkvæmt ákvæðum myndlistarlaga nr. 64/2012. Þau áherslusvið sem hafa forgang við ráðstöfun fjár á tímabilinu eru:

- verkefni sem styðja við framkvæmd myndlistarstefnu og þær aðgerðir sem falla undir starfssvið myndlistarráðs
- verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf og kynningu á íslenskri myndlist erlendis
- fjölbreytt verkefni á sviði myndlistar, m.a. með tilliti til sjálfbærni og menningarlegrar fjölbreytni
- verkefni sem unnin eru í tengslum við myndlistarhátíðir og vinnustofur héraðs og erlendis
- verkefni sem byggja á samstarfi um rannsóknir og útgáfu rita og bóka um myndlist

Samþykkt á fundi 22. ágúst 2023